

**Ed.**

**899. Lög**

um hafnargerð í Ólafsvík.

(Afgreidd frá Ed. 18. sept.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykkt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

### 3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

### 4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10--200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

### 5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

### 6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kys til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinn löggitlu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.–3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álita, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir

hreppestjóri, og fær hann í innheimtulaun 2<sup>o</sup>/. Gjald þetta, sem og gjöldiu samkvæmt 10. gr., má taka lög taki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætlunum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhállans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem risa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.